



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 21/2023

Verðmerkingar á vefsíðu Nettó

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofa sendi erindi til Samkaupa hf., dags. 17. nóvember 2022, vegna ábendinga um verðmerkingar á vörum Nettó á heimasíðu félagsins, www.netto.is. Í ábendingunni kom fram að einingarverð skorti á fjölda vara þegar verslað væri í gegnum heimasíðuna.

Vakti stofnunin athygli Samkaupa á skyldu seljenda til að verðmerkja allar söluvörur með endanlegu söluverði skv. 17. gr. laganna og að með heimild í ákvæðinu ásamt 18. gr. þeirra hefði stofnunin sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Vísaði stofnunin sérstaklega til 3. gr. reglnanna um skylduna til upplýsa um sölu- og einingarverð.

Var Samkaupum var gefinn kostur á að tjá sig og koma fram með athugasemdir og skýringar við erindið.

2.

Í tölvubréfi Samkaupa til Neytendastofu, dags. 29. nóvember 2022, kom fram af hálfu félagsins að verið væri að vinna að því að birta einingaverð vöru á vefsíðunni www.netto.is og að málið væri í hæsta forgangi. Áætlað væri að þeirri vinnu yrði lokið fyrir 30. desember og óskað eftir fresti til þess að ljúka þeirri vinnu.

Neytendastofa varð við beiðni félagsins og veitti frest til og með 30. desember.

3.

Með tölvubréfi Samkaupa til Neytendastofu, dags. 28. desember, upplýsti félagið um að einingarverð væri nú birt á vefsíðunni og fylgdu með skjámyndir því til staðfestingar.



4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 1. febrúar 2023, tiltók stofnunin að við yfirferð á vefsíðu Nettó, www.netto.is, hafi stofnunin orðið vör við fjölda tilvika þar sem ekki væri notast við réttar einingar þar sem einingarverð birtist. Benti Neytendastofa í því sambandi á að í 6. gr. verðmerkingarreglna væri kveðið á um það hvaða einingar skuli notaðar fyrir ýmsar sérvörur, s.s. bleyjur, servíettur, plastpoka, salernispappír, vítamín o.f.l. meðfylgjandi bréfinu var að finna skjámyndir af vefsíðunni og tiltók stofnunin að sá háttur sem notast væri við einingaverð kynni að vera í ósamræmi við þær kröfur sem 6. gr. reglnanna geri ráð fyrir. Þá tók stofnunin fram að umræddar skjámyndir væru í dæmaskyni og ekki tæmandi yfir þau tilvik þar sem kynni að vera notast við rangar einingar á vefsíðunni.

Var Samkaupum gefinn kostur á að tjá sig um framangreint erindi og koma með skýringar og athugasemdir.

Ekkert svar barst Neytendastofu.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar fyrirkomulag verðmerkinga Samkaupa hf. í vefverslun Nettó á vefsíðunni, www.netto.is og má rekja til ábendinga sem bárust stofnunni um að einingarverð skorti á fjölda vara á vefsíðunni.

Fram hefur komið af hálfu Samkaupa að eftir erindið frá stofnuninni hafi vinna við að birta einingarverð verið sett í hæsta forgang og var stofnuninni tilkynnt um að þeirri vinnu væri nú lokið. Engin svör bárust við athugasemdum Neytendastofu um að notast væri við rangar einingar fyrir ýmsar vörur.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“



Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna en þar segir að fyrirtæki skuli skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Meginreglan er sú að gefa á upp einingarverð á öllum vörum en einingarverði er ætlað að auðvelda neytendum að velja vörur og gera verðsamanburð á sölustað á sama hátt og innihaldslýsing vöru gerir þeim kleift að bera saman gæði. Öll fyrirtæki sem selja vörur til neytenda eiga þannig að merkja vörur sínar með einingarverði auk verðs. Á þetta við allstaðar þar sem vara er seld, hvort heldur sem er í verslun eða í gegnum vefsíðu og á ennfremur við þegar verð vöru er birt í auglýsingum.

Þá er mælt fyrir um það hvaða einingar skuli nota yfir ýmsar sérvörur í 6. gr. þeirra en þar kemur eftirfarandi fram:

„Fyrir eftirtaldar sérvörur skal nota eftirfarandi einingar:

- a. Fyrir vörur sem seldar eru í forpakkningu með fleiri en einni einingu sem notaðar eru í stykkjatali er einingarverðið reiknað út fyrir hverja staka einingu svo sem bleiur, servíettur, plastpoka o.þ.h.*
- b. Fyrir vörur sem eru á rúllu, eða því um líku, reiknast einingarverðið pr. metra. Þó er heimilt að gefa upp verð pr. rúllu þegar það á við svo sem þegar um salernispappír, eldhúsrúllu o.þ.h. er að ræða.*



- c. *Fyrir efni sem þekja á flöt reiknast einingarverðið út frá fermetrum. Fyrir litarefni og málningu skal verðið gefið upp pr. lítra.*
- d. *Fyrir vörur sem seldar eru með ráðlögðum skammti skal einingarverðið miðað við ráðlagðan skammt.*
- e. *Fyrir vörur sem á að þynna út með vatni skal einingarverðið reiknað út frá rúmmáli tilbúinnar vöru eða staðlaðri lausn skv. fyrirmælum eða leiðbeiningum framleiðanda.“*

3.

Einingarverð er verð vöru miðað við ákveðna þyngdar- eða rúmmálseiningu, svo sem kíló, lítra eða metra. Þannig er einingarverð matvæla gefið upp miðað við hvern lítra sem seldur er miðað við rúmmál og hvert kíló sem selt er miðað við þyngd. Einingarverð annarra vara en matvæla er gefið upp í þeirri einingu sem varan er venjulega seld eftir, þ.e. miðað við kílógramm, tonn, lítra, kúbikmetra, metra, kílómetra, fermetra, stykki/100 stykki eða ráðlagðan dagsskammt.

Á vefsíðu Samkaupa eru allar vörur verðmerktar með endanlegu söluverði. Ljóst er þó þegar gögn málsins eru skoðuð að vefsíða félagsins uppfyllti ekki þær skyldur sem kveðið er á um í reglum um verðmerkingar en einingaverð vantaði samhliða hinu endanlega söluverði. Á meðan á málsmeðferð stóð voru vissar breytingar gerðar á upplýsingagjöf á vefsíðunni en eftir uppfærslu félagsins á vefsíðunni mátti sjá einingarverð samhliða endanlegu söluverði á mörgum vörum. Umrædd uppfærsla var hins vegar ekki fullnægjandi þar sem enn skortir einingarverð samhliða endanlegu söluverði á hinar ýmsu sérvörur auk þess sem ekki er notast við réttar einingar á ýmsar vörur, sbr. 6. gr. reglna um verðmerkingar, s.s. salernis- og eldhúspappír, vasaklúta, plastpoka og bleyjur. Þá hefur Samkaup ekki lagfært framangreint þrátt fyrir bréf stofnunarinnar þess efnis þar sem gerð var grein fyrir framangreindu.

Ljóst er að vefsíða Samkaupa birti einungis endanlegt söluverð en ekki umrætt einingarverð. Þá er enn fremur ljóst af gögnum málsins að þótt einingarverð sé nú sjáanlegt á vefsíðunni yfir hluta vara eftir uppfærslu félagsins þá eru þó hinar ýmsar sérvörur enn án einingarverðs samhliða endanlegu söluverði auk þess sem ekki er notast við réttar einingar á ýmsar sérvörur. Að framangreindu virtu er það því niðurstaða stofnunarinnar að fyrirkomulag verðmerkinga Samkaupa á vefsíðunni www.netto.is sé ekki í samræmi við 17. gr. laga nr. 57/2005 eða 6. gr. verðmerkingarreglna. Þá telur Neytendastofa að slíkir viðskiptahættir séu jafnframt óréttmætir gagnvart neytendum og til þess fallnir að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun þeirra og brjóta því einnig gegn ákvæði 1.mgr. 8. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Samkaupa að koma einingarverðum á vefsíðu sinni í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglur til framtíðar.



Verði það ekki gert skal Samkaup greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektorfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkaup hf., Krossmóa 4, Reykjanesbæ, hefur brotið gegn ákvæði 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 6. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með ófullnægjandi verðmerkingum á vefsíðunni www.netto.is.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Samkaupa að koma verðmerkingum á vefsíðunni www.netto.is í rétt horf og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Samkaup hf., skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni www.netto.is. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“

Neytendastofa, 28. júní 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir